

Sæl Sigrún,

Ástæðan fyrir því að eignarhlutföll sveitarfélaganna voru ekki í drögunum að samþykktunum var sú að ég hafði ekki þær upplýsingar og taldi að þær upplýsingar lægju fyrir hjá HSL. En ef eignarhlutfall hvers sveitarfélags liggur ekki fyrir, þá bendi ég á það að fordæmi eru fyrir því að eignarhlutum sé skipt með sama hætti og kveðið er á um í ákvæði 8. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi innbyrðis ábyrgð sveitarfélaganna á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins, þ.e. í hlutfalli við íbúatölu.

Í sambandi við ákvæði 10.2 og 4.1, þá er það orðalag sem þar er að finna í samræmi við hefðbundið orðalag um breytingar á samþykktum og í samræmi við fyrri samþykktir HSL. Hins vegar þá er hægt að breyta ákvæðunum þannig að samþykktinni verði ekki breytt nema með samþykki 2/3 hluta aðildarsveitarfélagana og með samþykki aðildarféлага sem ráða yfir a.m.k. 2/3 af eignarhlutum byggðasamlagsins. Þannig væri tryggt að bæði meirihluti atkvæðafjölda og meirihluti eignarhlutfalls samþykki framlagðar breytingartillögur. Í ákvæðunum felst þó einnig krafa um það að fulltrúar a.m.k. 2/3 aðildarsveitarféлага að höfðatölu og 2/3 eigenda byggðasamlagsins séu mættir á aðalfund svo ákvörðun um breytingu á samþykkt sé lögmæt, þ.e. ekki er miðað við fjölda eða hlutfall greiddra atkvæða fundarins. Ákvæðin væru þá svohljóðandi:

#### 4.1

Á aðalfundi ræður einfaldur meiri hluti atkvæða. Samþykkt byggðasamlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta aðildarsveitarféлага og samþykki aðildarsveitarféлага sem ráða yfir a.m.k. 2/3 af eignarhlutum byggðasamlagsins.

#### 10.2

Breyting á samþykkt þessari telst samþykkt, ef hún nýtur stuðnings 2/3 hluta aðildarsveitarféлага og samþykki aðildarsveitarféлага sem ráða yfir a.m.k. 2/3 af eignarhlutum byggðasamlagsins.

Að því sögðu, ef mæting á aðalfundi byggðasamlagsins nær almennt ekki meira en 2/3 hluta atkvæðafjölda aðildarsveitarfélaganna þá má athuga það að miða við 2/3 hluta greiddra atkvæða fundarins varðandi atkvæðafjölda. Ákvæðin væru þá svohljóðandi:

#### 4.1

Á aðalfundi ræður einfaldur meiri hluti atkvæða. Samþykkt byggðasamlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða aðalfundarfulltrúa og samþykki aðildarsveitarféлага sem ráða yfir a.m.k. 2/3 af eignarhlutum byggðasamlagsins.

#### 10.2

Breyting á samþykkt þessari telst samþykkt, ef hún nýtur stuðnings 2/3 hluta greiddra atkvæða aðalfundarfulltrúa og samþykki aðildarsveitarféлага sem ráða yfir a.m.k. 2/3 af eignarhlutum byggðasamlagsins.

Ég vona að þetta skýri málið aðeins nánar en sjálfsagt að heyrast betur með þetta og útfærslur.

Bestu kveðjur  
Óskar

**Óskar Sigurðsson**  
Lögmaður - Eigandi / Attorney - Partner



Borgartún 26 | IS-105 Reykjavík | Austurvegi 6, 800 Selfoss  
Beint/Direct + (354) 590 2631 | GSM + (354) 897 5909  
Sími/Tel + (354) 590 2600 | Fax +(354) 590 2606  
[lex@lex.is](mailto:lex@lex.is) – [Skilmálar / Disclaimer](#) | [Persónuverndarstefna](#)